

Afmælishátíð og 1. fundur Betadeildar starfsárið 2017 – 2018, haldinn 9. sept. kl. 11 í Skjaldarvík. Á fundinn mættu 24 konur.

Í tilefni af 40 ára afmæli deildarinnar var haldin afmælishátíð í Skjaldarvík. Deildin bauð til dögurðar fyrir fyrsta fund starfsársins. Konur voru boðnar velkomnar með fordrykk og skálað var fyrir afmælisbarninu áður en sest var að borðum. Aníta formaður hélt hátíðarræðu þar sem hún rakti sögu deildarinnar og tilkynnti að heiðursviðurkenning sem hefð er fyrir að Betadeild veiti á afmælisári verði veitt Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur. Sigrún er ekki á landinu og gat því ekki verið með okkur en henni verður boðið á næsta fund. Þrír stofnfélagar Betadeildar starfa enn í deildinni, Hanna Salómons dóttir, Ingibjörg Auðuns dóttir og Jóhanna Þorsteins dóttir. Fyrir hönd Beta afhenti Aníta Hönnu og Jóhönnu 40 ára nælu samtakanna en Ingibjörg Auðuns dóttir sem ekki gat verið með okkur og verður heiðruð á næsta fundi. Silja Garðars dóttir, dóttir Betakonunnar Bjarkar Sigurðars dóttur og dótturdóttir Hönnu Salómons dóttur söng fyrir okkur þrjú lög og jók með því á gleði og hátíðleik stundarinnar. Jóna Benedikts dóttir landsambandsforseti sá sér ekki fært að þiggja boð um að vera með okkur en sendi rafræna kveðju sem flutt var að því loknu. Jóna stefnir að því að heimsækja sameiginlegan jólafund Beta og Mý.

Klukkan 12:30 setti Aníta fyrsta fund starfsársins og kveikti á kertum. Hún flutti kveðjur fjarstaddra kvenna.

1. Ragnheiður Sigurðars dóttir flutti orð til umhugsunar og gerði að umræðuefni erfiðar aðstæður um víða veröld. Hún las úr frásögn 19. aldar konunnar Ólafar frá Hlöðum um hreinlæti á heimilum. Að því loknu sagði hún frá hinni norður-kóresku Yeomni Park sem fædd er árið 1993. Hún vitnaði í viðtal við hana þar sem hún greindi frá erfiðum aðstæðum í heimalandi sínu sem hún flúði 13 ára gömul og þeim andstæðum sem mættu henni í hinum vestræna heimi. Að lokum las Ragnheiður ljóð Ólafar frá Hlöðum, Vont og verst.
2. Fríða las fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt með einni ábendingu.
3. Aníta rifjaði upp markmið samtakanna og þema núverandi starfstímabils sem snýr að því að beina sjónum inn á við til þess að starfið megi blómstra og í framhaldinu rifjaði hún upp að á núverandi starfstímabili Beta er horft til þess að nýta og efla innri auð deildarkvenna.
4. Sigríður lagði fram vetraráætlun stjórnar og var hún samþykkt.

5. Aníta minnti á að deildin hefði sett sér það markmið að fjölga um fimm konur á starfstímabilinu. Þrjár góðar konur voru teknar inn á síðasta starfsári og því ætti að stefna að inntöku tveggja kvenna í ár. Hún bað félagskonur að senda inn tilnefningar fyrir næsta fund og minnti á að samþykkt hefði verið að horfa til þess að bjóða konum úr ólíkum sviðum fræðslugeirans og hafa í huga að bjóða konum sem eru af erlendu bergi brotnar. Aníta minnti einnig á að starfssvæði deildarinnar er Norðausturland, það er ekki einungis bundið við Akureyri. Að því loknu rifjaði hún upp starfsreglur Beta um inntöku nýrra félagskvenna.
6. Aníta sagði frá framkvæmdaráðsfundi DKG sem hún sótti í byrjun september og kynnti nýja stjórn samtakanna á Íslandi.
7. Fyrir hönd stjórnar Elísabetarsjóðs sagði formaður frá því að þrjár Betakonur sem voru fulltrúar á Evrópuþinginu í sumar, þær Eygló, Halldóra og María Steingrímsd. fá styrk vegna fararinnar. Aníta greindi einnig frá því að stjórn Elísabetarsjóðsins hefur hug á því að leggja fyrir aðalfund ósk um að fjármögnun sjóðsins verði endurskoðuð.
8. Lögð fram hugmynd um að á hverjum fundi í vetur kynni félagskonur sig og fái til þess tvær mínútur, fjórar konur á hverjum fundi og bað Aníta konur um að vera undir það búnar að vera með 2ja mínútna kynningu. Var því vel tekið.
9. Önnur mál:
 - Eygló viðraði þá hugmynd að Betadeild ræktaði vinasamband við aðrar deildir með því að halda sameiginlegan fund. Rætt um að það gæti farið vel á því að rækta tengsl við hina ungu Ný deild.
 - Aníta sagði frá því að eftir síðasta framkvæmdaráðsfund hefði hún fengið þá tilfinningu að horft væri til þess að í Betadeild væri öflugt starf og deildin væri virk og virt. Einnig mátti greina að í alþjóðasamtökunum væri litið til kraftsins í starfi DKG á Íslandi.
 - Þorgerður sagði frá því hver staðan væri í 5. okt. nefndinni. Undirbúningur samræðupings um líðan kennara er í góðum farvegi og unnið er í samráði við KÍ sem einnig heldur þing þennan dag. Undirbúningshópurinn kallaði eftir aðstoð Betakvenna við bakstur og undirbúning. Því var vel tekið og fullmannað á augabragði.
 - Dregið í happdrættinu og varð Jóhanna Þorsteinsdóttir sú heppna að þessu sinni.

- María Gunnarsd. bar kveðju frá Eiríki Stephensen og hvatti konur til þess að fara í leikhús og sjá leikritið Kvenfólk. Rætt var að e.t.v. mætti efna til hópferðar. Ef af því verður mun það birtast á Facebook.

10. Að lokum sagði Aníta okkur frá afmælissöng sem Kristján Hreinsson samdi fyrir Gammadeild í tilefni af 40 ára afmæli Gammadeildar. Endað var á því að syngja þann brag undir styrkri stjórn Maríu Gunnarsdóttur.

11. Fulltrúa Skjaldarvíkur voru færðar þakkir og rós fyrir góðar móttökur og fundi var slitið kl. 13:35.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir